



ÁRSSKÝRSLA 2025

Hæstiréttur Íslands | Landsréttur | Héraðsdómstólarnir | Endurupptökudómur | Dómstólasýslan



DÓMSTÓLASÝSLAN

Ársskýrsla 2025
Hæstiréttur Íslands
Landsréttur
Héraðsdómstólar
Endurupptökudómur
Dómstólasýslan

Ársskýrslan er unnin og gefin út til samræmis við
4. tölulið 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016.

Hönnun og umbrot:
Kría hönnunarstofa

Myndir:
Gunnar Sverrisson, Kría hönnunarstofa,
Unsplash

Mynd á forsíðu:
Shutterstock

Útgefandi:
Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14, 3. hæð
108 Reykjavík.
S: 432-5010

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Dómsstólar	6
Hæstiréttur Íslands	6
Landsréttur	7
Héraðsdómsstólar	8
Endurupptökudómur	9
Dómsstólar um land allt.....	10
Starfsfólk dómsstóla 2025	11
Dómsstólasýslan	13
Sameiginleg stjórnarsýsla dómsstóla	13
Stjórn dómsstólasýslunnar	14
Sameiginleg stefna dómsstóla	16
Stafrænt dómskerfi	18
Upplýsingagjöf og fræðsla.....	20
Viðburðir, fræðsla og samráðsfundir	25
Mannauður og færni	27
Námskeið skipulögð í samstarfi við Starfsmennt, Akademias og fleiri aðila.....	29
Önnur fræðsla.....	29
Húsnæðis- og öryggismál	30
Sjálfstæðar nefndir með aðsetur hjá dómsstólasýslunni	31
Önnur verkefni dómsstólasýslunnar	33
Reglur	33
Hámarkslengd stefnu og greinargerða.....	34
Um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómsstóla	34
Sérfróðir meðdómsmenn.....	35
Starfshópar á vegum dómsstólasýslunnar	36
Umhverfisstefna	37
Málatölur	38
Hæstiréttur.....	40
Landsréttur	44
Héraðsdómsstólar	48
Málsmeðferðartími	49
Endurupptökudómur	54
Fjárheimildir dómsstóla samkvæmt fjárlögum 2025.....	55

INNGANGUR

Það er grundvallarforsenda réttarríkisins að borgarar geti fengið úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir óháðum og óhlutdrægum dómi innan hæfilegs tíma. Svo þessi réttindi borgara séu í reynd tryggð þarf lagalegur rammi um hlutverk og sjálfstæði dómstóla að vera skýr. Jafnframt er mikilvægt að önnur umgjörð sem stjórnvöld og Alþingi skapa dómstólum styðji við sjálfstæði og gæði í starfsemi dómstóla og möguleika þeirra á að leysa úr ágreiningi innan hæfilegs tíma. Dómstólum ber eðlilega að sýna aðhald og ráðdeild í rekstri. Krafa um aðhald má hins vegar ekki ganga svo langt að hætta sé á að grafið verði undan sjálfstæði dómstóla og skilvirkni í starfsemi þeirra. Í lögum um opinber fjármál og lögum um dómstóla er leitast við að tryggja að ekki sé gengið of langt í þessum efnum. Af ákvæðum laganna er ljóst að gert er ráð fyrir því að almennt sé farið að tillögum dómstólasýslunnar um mat á nauðsynlegum fjárheimildum og að gerð verði rökstudd grein fyrir því í fjárlögum ef frá þeim er vikið.

Á síðustu árum hefur dómstólasýslan ítrekað bent stjórnvöldum og Alþingi á vaxandi álag við bæði héraðsdómstóla og Landsrétt og mikilvægi þess að tryggja fullnægjandi mannafla svo og aðbúnað og öryggi í húsnæði dómstóla, meðal annars í ljósi vaxandi fjölda umfangsmikilla og alvarlegra sakamála. Á árinu 2023 var dómurum við Landsrétt fjölgað úr 15 í 16 án þess þó að viðbótarfjárheimildir á málefnasviði dómstóla fengjust. Þá var í fjármálaáætlun 2025 ákveðið að lækka árlegar fjárheimildir á málefnasviði dómstóla um liðlega 100 millj. kr. yfir tímabilið 2026-2030. Þessar tillögur voru lítt rökstuddar og áhrif þeirra á starfsemi dómstóla, þar með talið málsmeðferðartíma, ekki metin. Engu að síður eru sett fram markmið í

áætluninni um að tryggja skilvirka málsmeðferð og bæta þjónustu dómstóla.

Dómstólasýslan hefur látið gera könnun um þjónustu dómstóla þriðja hvert ár þar sem lögmenn og ákærendur svara ýmsum spurningum, þar á meðal um hvort málsmeðferðartími sé hæfilegur. Slík könnun fór fram á þessu ári og er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hennar í ársskýrslunni. Ástæða er til að staldra við svör við spurningum um hvað lýsi best málsmeðferðartíma hjá héraðsdómstólum og Landsrétti. Um 30-35% svarenda telja málsmeðferðartíma hjá héraðsdómstólum hæfilegan en aðeins 17% hjá Landsrétti. Aðrir telja hann ýmist ívið of langan eða allt of langan. Flestir eða um 85% svarenda telja að málsmeðferðartími hjá Hæstarétti sé hæfilegur.

Af málátölum sem birtar eru í ársskýrslunni verður ráðið að málsmeðferðartími hjá héraðsdómstólum í einkamálum hafi verið nokkuð svipaður á síðustu árum, þótt hann hafi aðeins sveiflast á milli ára. Málsmeðferðartími í sakamálum hefur hins vegar styst nokkuð. Svipaða sögu má lesa út úr tölum um málsmeðferðartíma hjá Landsrétti. Málsmeðferðartími hjá Hæstarétti hefur lengst lítilliga bæði í áfrýjuðum sakamálum og einkamálum.

Dómstólasýslan leitar stöðugt leiða til að auka skilvirkni við meðferð mála hjá dómstólum. Þar ber helst að nefna tillögur dómstólasýslunnar um fækkun héraðsdómstóla úr átta í þrjá til fjóra en þær voru kynntar dómsmálaráðherra á árinu. Þær byggja á tillögum vinnuhóps dómara sem dómstólasýslan skipaði. Markmið tillagnanna er að jafna vinnuálag og bæta með því nýtingu mannauðs hér-



aðsdómstóla. Með því má auka skilvirkni og gæði í starfsemi héraðsdómstóla og nýta betur fjárframlög án þess að skerða þjónustu dómstóla við borgarana. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að starfsstöðvum eða starfsfólki fækki við sameininguna getur fækkunin hins vegar ekki falið í sér lækkun kostnaðar að neinu ráði.

Með frekari stafrænni og rafrænni þróun skapast einnig tækifæri til að bæta skilvirkni og gæði í starfsemi dómstóla til að mynda með einfaldari samskiptaleiðum og gagnasendingum og bæta með því þjónustu við borgarana og aðgengi að dómstólum. Þróunin krefst hins vegar talsverðs fjármagns einkum vegna breytinga á upplýsingatæknikerfum og innleiðingu þeirra.

Sé gengið of langt í kröfum til hagræðingar hjá dómstólum án þess að fyrir liggi hvernig henni megí ná fram eða hver áhrif hennar verða er veruleg hætt á að dómstól-

ar geti ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi og vegið verði að réttindum málsaðila til þess að fá úrlausn mála sinna innan hæfilegs tíma.

Eins og málatölur ársins 2025 sýna hefur starfsfólk dómstólanna þrátt fyrir mikið og stöðugt álag náð mjög góðum árangri við afgreiðslu dómsmála. Þannig leiddu dómstólar 14.141 mál til lykta á árinu en ársverk hjá dómstólum eru aðeins tæplega 145.

DÓMSTÓLAR

Hæstiréttur Íslands

Hæstiréttur er æðsti dómstóll þjóðarinnar. Hann tók formlega til starfa 16. febrúar 1920 og hefur aðsetur í Reykjavík. Í Hæstarétti eiga sæti sjö dómarar og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti. Hæstiréttur hefur frá árinu 2018 starfað sem fordæmisgefandi dómstóll á þriðja dómstigi. Hæstiréttur ákveður að jafnaði hvaða mál eru tekin til meðferðar og kveður upp dóma sem ætlað er að vera fordæmisgefandi, með sama hætti og gildir annars staðar á Norðurlöndum. Forseti og varaforseti eru kjörnir af dómurum réttarins til fimm ára í senn. Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn og ræður til starfa lögfræðinga og aðra starfsmenn.

Benedikt Bogason er forseti Hæstaréttar og Sigurður Tómas Magnússon varaforseti réttarins. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er Ólöf Finnsdóttir. Löglærðir aðstoðarmenn eru þrír og aðrir starfsmenn tveir. Sjá nánar [ársskýrslu Hæstaréttar 2025](#).



Landsréttur

Landsréttur var settur á fót 1. janúar 2018 þegar ný lög um dómstóla tóku gildi. Dómstigin urðu þar með þrjú í stað tveggja áður og er Landsréttur millidómstig á Íslandi. Landsréttur hefur aðsetur í Kópavogi en tekur til landsins alls. Í Landsrétti eiga sæti 16 dómarar. Þeir eru skipaðir ótímabundið í embætti. Þrír dómarar skipa dóm í hverju máli en þó er unnt í undantekningartilvikum að skipa dóminn fimm dómurum. Til Landsréttar er unnt að skjóta úrlausnum héraðsdómstólanna átta og verða úrlausnir hans endanlegar í flestum málum. Í sérstökum tilvikum eða að fengnu leyfi Hæstaréttar Íslands má skjóta niðurstöðum Landsréttar til Hæstaréttar. Forseti og varaforseti Landsréttar eru kjörnir af dómurum réttarins til fimm ára í senn. Forseti Landsréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn og ræður lögfræðinga og aðra starfsmenn.

Forseti Landsréttar er Hervör Þorvaldsdóttir og varaforseti Eiríkur Jónsson. Skrifstofustjóri Landsréttar er Erna Sigríður Sigurðardóttir. Hjá Landsrétti starfa að jafnaði átta löglerðir aðstoðarmenn dómara og átta aðrir starfsmenn að skrifstofustjóra meðtöldum.



Héraðsdómstólar

Héraðsdómstólar eru fyrsta dómstigið af þremur. Dómum þeirra má áfryja til Landsréttar eða, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, til Hæstaréttar.

Héraðsdómstólarnir eru átta talsins og með staðbundna lögsögu. Dómarar í héraði eru 42 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti. Dómstólasýslan ákveður við hvaða héraðsdómstól dómarar skuli eiga fast sæti en heimilt er að ákveða að allt að þrír héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól. Á árinu 2025 voru þrír fardómarar starfandi, einn með aðsetur við Héraðsdóm Reykjavíkur, annar við Héraðsdóm Reykjaness og sá þriðji við Héraðsdóm Vestfjarða. Dómstólasýslan skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól, að undangenginni kosningu meðal dómara við dómstólinn þar sem það á við, en dómstjórar ráða aðra starfsmenn en dómara. Til aðstoðar dómurum má ráða lögfræðinga til fimm ára í senn. Auk þess að gegna dómstörfum er dómstjóri forstöðumaður héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans.



Í árslok 2025 voru dómstjórar, varadómstjórar og skrifstofustjórar héraðsdómstólanna þessi:

Héraðsdómur Reykjavíkur (HDR)

Dómstjóri: Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Varadómstjóri: Björn L. Bergsson.

Skrifstofustjóri: Hilda Valdemarsdóttir.

Héraðsdómur Vesturlands (HDVL)

Dómstjóri: Lárentínus Kristjánsson.

Héraðsdómur Vestfjarða (HDV)

Dómstjóri: Oddur Þorri Viðarsson.

Héraðsdómur Norðurlands vestra (HDNV)

Dómstjóri: Halldór Halldórsson.

Héraðsdómur Norðurlands eystra (HDNE)

Dómstjóri: Arnbjörg Sigurðardóttir.

Héraðsdómur Austurlands (HDA)

Dómstjóri: Hákon Þorsteinsson.

Héraðsdómur Suðurlands (HDS)

Dómstjóri: Sigurður Gísli Gíslason.

Héraðsdómur Reykjaness (HDRN)

Dómstjóri: Jónas Jóhannsson.

Varadómstjóri: Sandra Baldvinsdóttir.

Skrifstofustjóri: Arndís Sveinbjörnsdóttir.

Endurupptökudómur

Endurupptökudómur var stofnaður með lögum nr. 47/2020 og tók til starfa 1. desember 2020. Hann er sér-dómstóll sem ákveður hvort heimila eigi endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti, sbr. IX. kafla laga um dómstóla nr. 50/2016. Um endurupptöku dómsmála gilda ákvæði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum XXVIII. og XXIX. kafli, og laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, einkum XXXIV. og XXXV. kafli. Endurupptökudómur hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni.

Í Endurupptökudómi sitja fimm dómendur, einn frá hverju dómstigi og tveir sem ekki eru embættisdómarar, auk fimm varamanna þeirra. Skipunartími í dóminn er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðalmanns og varamanns hans. Sá hæstaréttardómari sem skipaður er í dóminn skal vera forseti hans.

Forseti Endurupptökudóms er Karl Axelsson, dómari við Hæstarétt Íslands. Aðrir dómendur við upphaf árs 2025 voru: Ragnheiður Harðardóttir, dómari við Landsrétt, Hólmfríður Grímsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Berglind Svavarsdóttir lögmaður og Stefán


Geir Þórisson lögmaður. Varamenn þeirra voru í upphafi árs Ása Ólafsdóttir, dómari við Hæstarétt Íslands, Aðalsteinn E. Jónasson, dómari við Landsrétt, Helgi Sigurðsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Eiríkur Elís Þorláksson dósent og Jónas Þór Guðmundsson lögmaður.

Í byrjun árs rann út skipunartími Hólmfríðar Grímsdóttur og Helga Sigurðssonar varamanns hennar. Dómstjórar héraðsdómstólanna tilnefndu í þeirra stað Hildi Briem, dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Lárentsínus Kristjánsson, dómstjóra við Héraðsdóm Vesturlands. Dómsmálaráðherra skipaði Hildi Briem sem dómanda við Endurupptökudóm frá og með 4. febrúar 2025 og Lárentsínus Kristjánsson sem varadómanda frá og með sama degi.

Jónasi Þór Guðmundssyni var að eigin beiðni veitt lausn frá embætti dómanda við Endurupptökudóm frá og með 13. mars 2025. Að undangengnu mati dómnefndar, sem starfar á grundvelli III. kafla dómstólalaga nr. 50/2016, skipaði dómsmálaráðherra Tómas Hrafn Sveinsson lögfræðing í embætti dómanda við Endurupptökudóm frá og með 12. maí 2025.



DÓMSTÓLAR UM LAND ALLT



STARFSFÓLK DÓMSTÓLA 2025

	Fjöldi starfsfólks í árslok	Ársverk	Karlar	Konur
Starfsfólk dómstóla og dómstólasýslunnar samtals	143	140,77	55	88
Dómarar	65	65,87	39	26
Aðstoðarmenn dómara	25	23,8	8	17
Annað starfsfólk	47	46,4	7	40
Dómstólasýslan	6	7	1	5

Hæstiréttur samtals	13	12,6	6	7
Dómarar	7	7	5	2
Aðstoðarmenn dómara	3	2,7	1	2
Annað starfsfólk	3	2,9		3

Landsréttur samtals	32	31,8	17	15
Dómarar	16	16,2	10	6
Aðstoðarmenn dómara	8	7,9	3	5
Annað starfsfólk	8	7,8	4	4

	Fjöldi starfsfólks	Ársverk	Karlar	Konur
Héraðsdómstólar samtals	92	89,37	31	61
Héraðsdómur Reykjavíkur samtals	53	52,3	16	37
Dómarar	24	23,9	11	13
Aðstoðarmenn dómara	7	7	2	5
Annað starfsfólk	22	21,6	3	19
Héraðsdómur Reykjaness samtals	19	19,7	7	12
Dómarar	10	9,5	6	4
Aðstoðarmenn dómara	3	3	1	2
Annað starfsfólk	6	6,2		

Héraðsdómur Vesturlands samtals	3	3	2	1
Dómarar	1	1	1	
Aðstoðarmenn dómara	1	1	1	
Annað starfsfólk	1	1		1
Héraðsdómur Vestfjarða samtals	2	2	1	1
Dómarar	1	1	1	
Aðstoðarmenn dómara				
Annað starfsfólk	1	1		1
Héraðsdómur Norðurlands vestra samtals	2	2,2	1	1
Dómarar	1	1,3	1	
Aðstoðarmenn dómara				
Annað starfsfólk	1	0,9		1
Héraðsdómur Norðurlands eystra samtals	6	6	1	5
Dómarar	2	2,8	1	1
Aðstoðarmenn dómara	2	1,2		2
Annað starfsfólk	2	2		2
Héraðsdómur Austurlands samtals	2	2,17	1	1
Dómarar	1	1,17	1	
Aðstoðarmenn dómara				
Annað starfsfólk	1	1		1
Héraðsdómur Suðurlands samtals	5	5	2	3
Dómarar	2	2	2	
Aðstoðarmenn dómara	1	1		1
Annað starfsfólk	2	2		2

DÓMSTÓLASÝSLAN

– sameiginleg stjórnsýsla dómstóla

Dómstólasýslunni var komið á fót með lögum nr. 50/2016 og hún tók formlega til starfa 1. janúar 2018. Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna, styrkja stjórnsýslu þeirra og um leið stuðla að samræmi í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstiganna þriggja.

Dómstólasýslan lýtur ekki boðvaldi annarra innan dómskerfisins og er óháð löggjafar- og framkvæmdarvaldinu.



Stjórn dómstólasýslunnar

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn dómstólasýslunnar og er skipunartíminn fimm ár, sbr. 6. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar, sem nú er Kristín Haraldsdóttir.

Stjórn dómstólasýslunnar var þannig skipuð árið 2025:

- » Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari, formaður, endurkjörinn frá og með 1. ágúst 2025, með skipun til 31. júlí 2030. Varamaður hans var Ingveldur Einarsdóttir hæstaréttardómari fram til 31. júlí 2025 þegar Björg Thorarensen hæstaréttardómari tók við og var skipuð til og með 31. júlí 2030.
- » Jón Höskuldsson landsréttardómari er skipaður til og með 31. júlí 2028. Varamaður hans var Arnfríður Einarsdóttir landsréttardómari til og með 1. september 2025 þegar Ragnheiður Harðardóttir var skipuð varamaður í hennar stað til og með 31. júlí 2028.
- » Lilja Björk Sigurjónsdóttir, gæðastjóri hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, skipuð til og með 3. ágúst 2026. Varamaður hennar er Erna Björt Árnadóttir, aðstoðarmaður dómara hjá Héraðsdómi Reykjaness, skipuð til og með 3. ágúst 2026.
- » Arnaldur Hjartarson héraðsdómari skipaður til og með 31. júlí 2029. Varamaður hans er Daði Kristjánsson héraðsdómari skipaður til og með 31. júlí 2029.
- » Lúðvík Örn Steinarsson lögmaður skipaður til og með 31. júlí 2027. Varamaður hans er Þyrí Halla Steingrímsdóttir lögmaður skipuð til og með 31. júlí 2027.

Hlutverk stjórnar og fundir

Hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar er skilgreint í 7. gr. laga um dómstóla. Stjórn dómstólasýslunnar leggur mat á og gerir tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar, Hæstaréttar og Landsréttar og sameiginlega fjárveitingu til héraðsdómstólanna. Sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skal ráðherra greina fjár-

”

12 fundir stjórnar árið 2025

6 manns störfuðu hjá dómstólasýslunni árið 2025

laganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga. Dómstólar skulu skilgreindir sem sérstakt málefnasvið í frumvarpi til fjárlaga og í fjárlögum. Í fjárlögum skal kveðið sundurliða á um fjárveitingar til Hæstaréttar Íslands, Landsréttar, héraðsdómstólanna sameiginlega og dómstólasýslunnar. Stjórn dómstólasýslunnar skiptir á milli héraðsdómstólanna fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.

Stjórn dómstólasýslunnar ákveður fjölda héraðsdómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól og setur almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra. Þá setur stjórnin reglur um leyfi dómara frá störfum og veitir þeim leyfi. Stjórnin setur einnig reglur um meðferð mála hjá dómstólasýslunni og ákveður verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra auk þess að ákveða hvaða stjórnsýsluverkefni skuli heyra undir dómstólasýsluna og hver undir forstöðumenn dómstólanna að því leyti sem þessi atriði eru ekki ákveðin í lögum.

Haldnir voru 12 fundir stjórnar á árinu. Fundargerðir eru birtar á vefsíðu dómstólasýslunnar, domstolasyslan.is.

Hjá dómstólasýslunni störfuðu í lok árs 2025 sex manns að framkvæmdastjóra meðtöldum: verkefnastjóri, skjalastjóri, tveir lögfræðingar og sérfræðingur í upplýsingatækni.

Starfsemi dómstólasýslunnar 2025

Í störfum sínum tekur dómstólasýslan mið af stefnu dómstóla fyrir tímabilið 2023–2027. Stefnan er sameiginleg fyrir dómstóla á öllum þremur dómstigum og dómstólasýsluna og er m.a. byggð á hlutverki stofnunarinnar á grundvelli ákvæða laga nr. 50/2016.

Hlutverk

Hlutverk dómstólasýslunnar er skilgreint þannig í meginatriðum í 8. gr. dómstólalaga

1. Að vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu dómstólanna sameiginlega.
2. Að skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla.
3. Að fara með yfirstjórn upplýsingamála og tæknimála dómstólanna, annast þróun þeirra mála og eftir þörfum ábendingar af því tilefni.
4. Að safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstóla og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og dómstólanna.
5. Að stuðla að samræmingu og hafa eftirlit með framkvæmd reglna um málaskrár dómstóla, þingbækur, atkvæðabækur, búnað til upptöku á hljóði og mynd í þinghöldum, dómabækur og varðveislu málsskjala og upptaka í þinghöldum hjá dómstólum, samkvæmt þessum lögum, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála.
6. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni.
7. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gilda.
8. Á grundvelli 4. mgr. 9. gr. dómstólalaga skal nefnd um dómarastörf hafa aðstöðu hjá dómstólasýslunni og á grundvelli 2. mgr. 11. gr. dómstólalaga skal það sama gilda um dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Þá hefur Endurupptökudómur aðsetur hjá dómstólasýslunni, sbr. 8. mgr. 54. gr. dómstólalaga

SAMEIGINLEG STEFNA DÓMSTÓLA

Í sameiginlegri stefnu dómstóla fyrir öll þrjú dómstigin árin 2023–2027 er gert ráð fyrir að dómstólar og dómstólasýslan setji sér markmið um árangur á grundvelli stefnunnar og leggi reglulega mat á hvernig til hefur tekist.

Í stefnunni koma fram þau gildi sem eru höfð að leiðarljósi í störfum dómstóla og dómstólasýslunnar, svo og markmið og áherslur sem unnið verður að á tímabilinu.

Gildi dómstóla og dómstólasýslunnar

Sjálfstæði

Sjálfstæði dómsvaldsins er forsenda þess að aðilar dómsmála fái réttláta málsmeðferð og réttaröryggi verði tryggt. Starfsfólk dómstóla gætir þess að vina-, hagsmuna- og skyldleikatengsl og ómálefnaleg sjónarmið hafi ekki áhrif á störf sín, bæði í reynd og ásýnd.

Trúverðugleiki


Starfsfólk vinnur störf sín af heilindum, gætir jafnræðis og sýnir virðingu.

Gæði


Dómarar dæma eftir lögum. Úrlausnir þeirra eiga að vera réttar, vel rökstuddar, skýrar og ritaðar á skiljanlegu máli. Starfsfólk aflar sér og viðheldur nauðsynlegri fagþekkingu og færni. Það leysir öll störf af hendi af fagmennsku og vandar til allra verka.

Skilvirkni

Hæfilegur málsmeðferðartími dómsmála er forsenda réttlátrar málsmeðferðar og réttaröryggis. Verkferlar, verklag og vinna að úrlausn mála miðar að því að tryggja að niðurstaða dómsmála fáið innan hæfilegs tíma og að öll þjónusta sé veitt með eins skjótum hætti og kostur er án þess þó að það bitni á gæðum.



Meginmarkmið



Verklag

- » Skilvirkni og gæði
- » Sjálfbærni og umhverfisvitund

Mannauður

- » Hæft starfsfólk
- » Starfsþróun og markviss símenntun
- » Eftirsóknarvert starfsumhverfi
- » Traust og virðing
- » Jöfn staða kynjanna

Fjármál og rekstur

- » Markviss áætlanagerð
- » Hagkvæmni í rekstri

Þjónusta

- » Réttlát opinber málsmeðferð
- » Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar
- » Traust til dómstóla
- » Notendamiðuð og nútímaleg þjónusta



Áherslur

Í eftirfarandi umfjöllun um starfsemi dómstóla og dómstólasýslu árið 2025 er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnið var að á árinu og tengjast þessum fjórum megináherslum auk þess sem fjallað er um önnur verkefni tengd markmiðum stefnunnar.

Stafrænt dómsskerfi

Stafrænt dómsskerfi er ein af megináherslum dómstóla og dómstólasýslunnar í stefnu 2023–2027. Unnið var að ýmsum upplýsingatækniverkefnum og öðrum verkefnum tengdum stafrænni þróun á árinu í náinni samvinnu við dómstóla á öllum dómstigum.



Stafræn þróun dómsskerfisins styður einkum eftirfarandi markmið:

- Þjónusta:**
Réttlát málsmeðferð, notendamiðuð og nútímaleg þjónusta og traust til dómstóla
- Verklag:**
Skilvirkni, gæði, sjálfbærni og umhverfisvitund
- Mannauður:**
Eftirsóknarvert starfsumhverfi
- Fjármál og rekstur:**
Hagkvæmni í rekstri

Form og afhendingarmáti skjala

Reglur dómstólasýslunnar um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum nr. 1662/2024 tóku gildi 1. janúar 2025. Reglurnar eru bindandi en þar er m.a. kveðið á um það á hvaða formi og með hvaða hætti skjöl í dómsmálum skuli berast dómstólum. Auk þess er mælt fyrir um rafrænar staðfestingar málsóknarskjala og skjala sem stafa frá dómstól. Í reglunum er dómstólasýslunni jafnframt falið að taka ákvörðun um það í hvaða kærðu sakamálum skjöl skuli berast Landsrétti með rafrænum hætti í gegnum réttarvörslugátt og í hvaða ákærumálum skjöl skuli berast héraðsdómstólum með sama hætti.

Á grundvelli reglnanna tók dómstólasýslan þrjár ákvarðanir á árinu. Í ákvörðun 6. janúar 2025 var mælt fyrir um að öll skjöl í kærðum sakamálum þar sem krafist er endurskoðunar úrskurða í rannsóknarmálum samkvæmt 1. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skuli berast Landsrétti um réttarvörslugátt. Þá skuli öll skjöl í rannsóknarmálum samkvæmt 1. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008 og ákærumálum sem eingöngu lúta að umferðarlagabrotum berast héraðsdómstólum um réttarvörslugátt. Með ákvörðun 25. febrúar 2025 bættist við að í þeim málum þar sem ákært er fyrir önnur brot samhliða umferðarlagabrotum sé ákæruvaldinu heimilt að senda ákæru ásamt öðrum skjölum til héraðsdómstóls um réttarvörslugátt. Sú heimild var útvíkkuð enn frekar með ákvörðun 26. september 2025. Þar kemur fram að ákæruvaldinu sé heimilt að senda ákæru ásamt öðrum skjölum til héraðsdómstóls um réttarvörslugátt í öllum málum þegar það er tæknilega mögulegt. Er þá vísað til þess að enn sem komið er taki réttarvörslugáttin aðeins á móti málum þar sem ákæra er gefin út á hendur einum einstaklingi. Skjöl sem send eru dómstólum í gegnum réttarvörslugátt þarf ekki að afhenda á pappír.

Áframhaldandi stafræn þróun

Dómsstólar og dómsstólasýslan hafa nú þegar tekið í notkun fjölmargar stafrænar lausnir eins og rafrænar staðfestingar og fjarþinghöld og hélt notkun þeirra áfram á árinu. Auk þess var unnið áfram að þeim verkefnum sem hafa verið í vinnslu á sviði stafrænnar þróunar sem og unnið að nýjum verkefnum. Tækjabúnaður var uppfærður og fleiri mála-flokkar voru innleiddir í réttarvörslugátt.

Réttarvörslugátt 2025

Réttarvörslugáttin er einn af verðlaunahöfum Nýsköpunarverðlauna hins opinbera 2025, sem veitt eru af Fjársýslunni fyrir framúrskarandi árangur í opinberri nýsköpun. Dómsstólasýslan hefur unnið að verkefninu ásamt dómsstólum í nánu samstarfi við dómsmálaráðuneytið sem stýrir verkefninu.

Verðlaunin árið 2025 hlaut réttarvörslugáttin fyrir stafvæðingu réttarvörslukerfisins og bætt samstarf milli stofnana innan þess.

Markmið réttarvörslugáttarinnar er að koma á nýrri og betri umgjörð fyrir samskipti aðila í íslenska réttarvörslukerfinu. Verkefnið er metnaðarfullt samstarfsverkefni dómsmálaráðuneytisins, dómsstóla, lögreglunnar, ákærvalds, Fangelsismálastofnunar, Lögmannafélags Íslands, Stafræns Íslands og hugbúnaðarfyrirtækisins Kolibri.

Birtingar í stafrænu pósthólfi

Með lögum nr. 53/2024, sem tóku gildi 1. júlí 2024, voru gerðar breytingar á lögum um meðferð sakamála sem heimiluðu að ákæra og dómsúrlausn í sakamáli yrðu birt fyrir ákærða í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Á árinu 2024 var fyrsta ákæran, ásamt fyrirfalli, birt í stafrænu pósthólfi en þá var aðeins hægt að birta ákæru og fyrirköll í ákærumálum þar sem eingöngu var ákært fyrir umferðalagabrot. Áframhaldandi þróun réttarvörslugáttar og birtinga í stafrænu pósthólfi fór fram á árinu 2025 í samvinnu við dómsmálaráðuneytið, ríkislögreglustjóra og Stafrænt Ísland. Sem dæmi bættist við möguleikinn á að birta ákæru í stafrænu pósthólfi í öllum málum þar sem einn er ákærður, óháð sakarefni málsins.



Guðlaug Dröfn Þórhallsdóttir, verkefnastjóri réttarvörslugáttarinnar hjá dómsmálaráðuneytinu, Íris Elma Guðmann, verkefnastjóra hjá dómsstólasýslunni, og Snædís Ósk Sigurjónsdóttir, lögfræðing hjá dómsstólasýslunni, við verðlaunaafhendinguna.

Stór áfangi náðist einnig í nóvember 2025 þegar fyrstu dómsúrlausnirnar voru birtar í stafrænu pósthólfi. Þegar skjölin hafa verið móttækin í stafrænu pósthólfi eru þau jafnframt aðgengileg á mínum síðum á island.is. Dómsúrlausnum fylgja viðeigandi leiðbeiningar í samræmi við niðurstöðu hvers máls.

Talgreinir

Á árinu vann dómsstólasýslan í samstarfi við dómsmálaráðuneytið að áframhaldandi greiningu og prófunum á mögulegum lausnum fyrir dómsstóla á notkun talgreinis. Markmið með innleiðingu talgreinis er að flyta fyrir uppritun á skýrslutökum í sakamálum með sjálfvirkri uppritun á mæltu íslensku máli yfir í ritaðan texta.

Umbætur á málaskrá

Ýmis umbótavinna fór fram á málaskrár dómsstóla á árinu, bæði í þágu þess að gera þær notendavænni fyrir starfsfólk og með stafræna málsmeðferð í huga.



Aukin upplýsingagjöf og fræðsla styður einkum eftirfarandi markmið:

1. Þjónusta:

Traust til dómstóla, notendamiðuð og nútímaleg þjónusta, réttlát opinber málsmeðferð

2. Verklag:

Skilvirkni og gæði

Upplýsingagjöf og fræðsla

Dómstólarnir og dómstólasýslan vinna að því að gera hlutverk og starfsemi dómstóla sýnilega í samfélaginu. Markmiðið er að miðla upplýsingum á notendavænan og nútímalegan hátt og er leitast við að tryggja að starfsfólk dómstóla, fjölmiðlar og allur almenningur séu vel upplýst um starfsemina og eigi auðvelt með að nálgast upplýsingar. Leitað er skoðana þeirra sem nota þjónustu dómstólanna á gæðum þjónustunnar og hvernig megi bæta hana.

Kannanir

Könnun Gallup á trausti til stofnana og embætta

Könnun Gallup á trausti til stofnana og embætta var framkvæmd í febrúar 2025. Spurt var hversu mikið traust fólk beri til Hæstaréttar, Landsréttar, héraðsdómstóla og dómskerfisins.

Samkvæmt könnuninni fjölgaði þeim sem báru mikið traust til Hæstaréttar um 4 prósentustig en hlutfallið fór úr 55% í 59%. Lítið traust til Hæstaréttar báru 16% en 25% báru hvorki mikið né lítið.


Þeim sem bera mikið traust til Landsréttar fjölgaði um 6 prósentustig og fór hlutfall þeirra úr 51% í 57%. Lítið traust til Landsréttar báru 15% en 28% hvorki mikið né lítið.

Þeim sem báru mikið traust til héraðsdómstóla fjölgaði mest, eða um 14 prósentustig og fór hlutfall þeirra úr 40% í 54%. Lítið traust til héraðsdómstóla báru 19% svarenda og 27% hvorki mikið né lítið.

Könnunin sýndi auk þess að traust til svonefnds dómskerfis í spurningavagni Gallup 2025 jókst um 6 prósentustig frá fyrra ári, fór úr 39% í 45%.

Talsvert fleiri báru þannig meira traust til einstakra dómstiga heldur en dómskerfisins, sem er mun víðara hugtak, þar sem það tengist ýmsum aðilum og stofnunum réttarvörslukerfisins.

Hversu mikið traust berð þú til...? - Mikið traust (%)




Þjónustukönnun Gallup fyrir dómstóla


Dómstólasýslan lætur þriðja hvert ár framkvæma þjónustukönnun meðal lögmanna og sækjenda. Slík könnun fór fram í september 2025. Fjöl margar spurningar voru lagðar fyrir svarendur sem lutu m.a. að mati á störfum dómara, málsmeðferð og rökstuðningi dóma, viðmóti dómara og starfsmanna, afgreiðslu- og opnunartíma, vefsíðum, tæknilegum búnaði og öryggismálum á hverju dómstigi. Þá voru almennari spurningar sem lutu að trausti til dómstóla á hverju dómstigi, þjónustu þeirra almennt og málsmeðferðartíma.

Af niðurstöðum svara við almennum spurningum má ráða að svarendur voru almennt ánægðir með þjónustu dómstóla og báru almennt mikið traust til dómstóla. Hins vegar sýna svör við spurningu um hvað lýsti best lengd málsmeðferðartíma hjá héraðsdómstólum, Landsrétti og Hæstarétti að mikill meirihluti svarenda taldi málsmeðferðartíma hjá héraðsdómstólum og Landsrétti annað hvort ívið of langan eða allt of langan. Langflestir töldu hins vegar málsmeðferðartíma hjá Hæstarétti hæfilegan.


Á heildina lítið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Héraðsdómstólanna?




Á heildina lítið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Landsréttar?




Á heildina lítið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Hæstaréttar?




Á heildina lítið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Endurupptökudóms?



Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Héraðsdómstólanna?




Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Landsréttar?




Fullkomið traust
 Mjög mikið traust
 Frekar mikið traust
 Hvorki né
 Frekar lítið traust
 Mjög lítið traust
 Alls ekkert traust

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Hæstaréttar?




Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Endurupptökudóms?



■ Að öllu leyti ánægð(ur)
 ■ MJÖG ánægð(ur)
 ■ Frekar ánægð(ur)
 ■ Hvorki né
■ Frekar óánægð(ur)
 ■ MJÖG óánægð(ur)
 ■ Að öllu leyti óánægð(ur)


Að þínu mati, hvað lýsir best lengd málsmeðferðartíma hjá Héraðsdómstólum?



Að þínu mati, hvað lýsir best lengd málsmeðferðartíma hjá Landsrétti?



Að þínu mati, hvað lýsir best lengd málsmeðferðartíma hjá Hæstarétti?



■ Alltof skammur (stuttur)
 ■ Ívið of skammur (stuttur)
 ■ Hæfilegur
■ Ívið of langur
 ■ Alltof langur

Vefur dómstóla

Á árinu fór fram áframhaldandi vinna við gerð og þróun á nýjum vefsíðum fyrir dómstóla og dómstólasýslu. Stefnt var að því að ljúka vinnunni á árinu en það náðist ekki að fullu vegna flókinna tæknilegra verkþátta. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu og aðgengi að upplýsingum fyrir almenning og hagaðila. Mikil áhersla er lögð á umbætur á leitarvél dómstóla fyrir dóma og dagskrá. Verkefnið er unnið í samstarfi við Stafrænt Ísland, fyrirtækið Stefnu og vinnuhópa starfsfólks dómstóla á öllum dómstigum.

Umferð á vef

Dómstólasýslan notar Google Analytics til að mæla umferð um vefi dómstóla og dómstólasýslu.

Vefir dómstólasýslunnar og dómstólanna voru heimsóttir tæplega 1,1 milljón sinnum á árinu 2025, sem er 8% aukning frá fyrra ári. Heimsóknir á vef héraðsdómstóla jukust úr tæpum 440 þúsund í tæp 480 þúsund, eða 9% milli ára. Heimsóknir á vef Landsréttar jukust einnig, eða úr rúmum 280 þúsund í 284 þúsund, sem er 1% aukning milli ára. Sama gildir um vef dómstólasýslunnar sem var heimsóttur tæplega 66 þúsund sinnum, en það er 5% aukning milli ára.

Mesta aukningin á heimsóknum var á vef Hæstaréttar, eða um 18% milli ára, úr rúmum 210 þúsund heimsóknum í rúmar 250 þúsund.

Utan Google Analytics mælinga fellur sérstakur vefur fyrir Endurupptökudóm sem er aðgengilegur á eigin léni, endurupptokudomur.is.

domstolar.is

66.000

heimsóknir

heradsdomstolar.is

480.000

heimsóknir

landsrettur.is

284.000

heimsóknir

haestirettur.is

250.000

heimsóknir

Viðburðir, fræðsla og samráðsfundir

Heimsókn dómsmálaráðherra til dómstólasýslunnar

Í júní kom dómsmálaráðherra, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, í heimsókn til dómstólasýslunnar ásamt fulltrúum frá ráðuneytinu. Sigurður Tómas Magnússon, formaður stjórnar dómstólasýslunnar, og Kristín Haraldsdóttir framkvæmdastjóri tóku á móti henni ásamt starfsfólki. Meðal umræðuefna voru tillögur dómstólasýslunnar um breytta skipan héraðsdómstóla. Dómstólasýslan kynnti vinnu starfshóps dómara um efnið, markmið vinnunnar og helstu sjónarmið og afhenti ráðherra tillögur dómstólasýslunnar.

Heimsóknir til dómstóla á árinu

Fjöldi innlendra og erlendra nemenda á framhalds- og háskólastigi heimsækir dómstólana á ári hverju auk annarra hópa og aðila sem fá kynningu á starfseminni. Þinghöld í dómsmálum eru yfirleitt opin og úrlausnir dómstóla eru aðgengilegar þannig að allir geti fylgst með störfum þeirra. Oft koma margir áheyrendur til að fylgjast með málum sem vekja sérstaka athygli. Laganemar mæta einnig til að fylgjast með málflutningi þegar flutt eru mál sem hafa þýðingu fyrir nám þeirra.

Landsrétt heimsóttu t.d. tveir skólahópar á árinu, annars vegar nemendur úr Kvennaskólanum í Reykjavík og hins vegar nemendur úr afbrotافرæðiáfangi í Menntaskólanum í Kópavogi. Þá tók Héraðsdómur Reykjavíkur á móti fjölda gesta á árinu. Aðstoðarmenn dómara tóku á móti fjölmörgum hópum nemenda á framhalds- og háskólastigi sem fengu kynningu um starfsemi Héraðsdóms Reykjavíkur og dómskerfið.

Í júní kom dómsmálaráðherra, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, í heimsókn til dómstólsins. Á móti henni og fylgdarliði tóku Ingibjörg Þorsteinsdóttir dómstjóri og Hilda Valdemarsdóttir skrifstofustjóri og áttu með henni góðan fund eftir að ráðherra ávarpaði alla starfsmenn.

Hæstiréttur tók á móti fjölmörgum hópum gesta á árinu og vísast nánar um þær til í [ársskýrslu réttarins](#).



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir dómsmálaráðherra og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur.

Lögmannafélag Íslands

Í janúar 2025 var haldinn samráðsfundur með Lögmannafélagi Íslands þar sem fjallað var um drög að reglum dómstólasýslunnar um hámarkslengd stefnu og greinargerðar.

Dómstóladagurinn

Dómstóladagurinn var haldinn föstudaginn 26. september 2025. Dagurinn hófst með fræðsludagskrá sem fór fram á Hótel Reykjavík Natura. Umfjöllunarefnin voru eftirfarandi:

- » Aðalmálstofa um gervigreind þar sem spurt var: Getur gervigreind nýst dómstólum?
- » Málstofustjóri var Arnaldur Hjartarson héraðsdómari. Í inngangserindi hans var fjallað um mótun stefnu um notkun gervigreindar hjá dómstólum. Hörður H. Helgason lögmaður fjallaði næst um eðli gervigreindar. Þá ræddi Oddur Þorri Viðarsson, dómstjóri Héraðsdóms Vestfjarða, um hvort gervigreind geti nýst dómstólum. Benedikt Geir Jóhannesson, deildarstjóri gagnavísindaeiningar Skattsins, fjallaði því næst um möguleika gervigreindar í umbótaverkefnum í stjórn-sýslu dómstóla og að lokum flutti Cecilia Østensen Berglund, dómari við Hæstarétt Noregs og fyrrverandi formaður norsku dómstólasýslunnar, erindi um notkun norskra dómstóla á gervigreind og möguleika á notkun hennar til framtíðar. Í lok málstofunnar fóru svo fram pallborðsumræður.

- » Anna Steinsen, þjálfari og eigandi hjá KVAN, fjallaði um vinnumenningu, viðhorf og vellíðan starfsfólks.
- » Hrefna Friðriksdóttir, prófessor og deildarforseti lagadeildar, flutti erindi um reglur um fjárslit í óvígðri sambúð og þá spurningu hvort þörf sé á nýjum lögum um málefnið.

SEND (Samarbejdsorganet for efteruddannelse af Nordens dommere)

SEND er samstarfsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara. Í stýrinefnd SEND sitja fulltrúar norrænu dómstólanna en hlutverk hennar er að ákveða og skipuleggja efni málþinga sem haldin eru á vegum SEND. Helgi Sigurðsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, situr í stýrinefnd ásamt Örnú Sigurjónsdóttur, lögfræðingi hjá dómstólasýslunni.

Ráðstefna SEND um meðferð sakamála frá sjónarhóli brotaþola: „Offerperspektivet i straffesagsprocessen“ var haldin í Kaupmannahöfn dagana 12.–14. maí 2025.

Í nóvember var síðan ráðstefna haldin í Bergen þar sem var rætt um notkun gervigreindar í störfum norræna dómstóla, áskoranir, tækifæri og takmarkanir: „Kunstig intelligens (KI) ved de nordiske domstolers arbeid, utfordringer, muligheter og begrensninger.“



Myndin sýnir fulltrúa Íslands á SEND-ráðstefnu í Bergen, Arnald Hjartarson, Ásu Ólafs-dóttur, Ingibjörgu Þorsteinsdóttur og Snædísí Ósk Sigurjónsdóttur.

Fundur norrænna dómstólasýslna með hollenska dómstólaráðinu

Dómstólasýslur á Norðurlöndum funduðu með hollenska dómstólaráðinu í Osló í apríl 2025. Á fundinum var fjallað um ýmsar sameiginlegar áskoranir sem dómstólasýslurnar þurfa að takast á við og skipst á sjónarmiðum og hugmyndum. Meðal umræðuefna voru áskoranir tengdar mannaflapörf og mögulegar leiðir til að bregðast við þeim. Þá var fjallað um vaxandi rekstrarkostnað hjá dómstólum og möguleika á að bæta skilvirkni í starfsemi þeirra. Að lokum var rætt um ógnir við sjálfstæði dómstóla í ljósi þróunar heimsmála og vaxandi fylgis öfgaafila á pólitískum vettvangi. Hans Petter Graver, prófessor við háskólann í Osló, flutti inngangserindi um efnið.

Árlegur fundur norrænna dómstólasýslna

Árlegur fundur norrænna dómstólasýslna var haldinn í Kaupmannahöfn í ágúst 2025. Á þessum fundum eru rædd sameiginleg viðfangsefni og tækifæri nýtt til að deila reynslu og þekkingu. Á fundinum var fjallað um hvernig bregðast ætti við áskorunum sem dómstólar standa frammi fyrir vegna vaxandi álags og þörf þeirra fyrir aukið fjármagn, m.a. til þróunar upplýsingatæknilausna og til að bæta öryggi í húsnæði dómstóla. Rætt var um leiðir til að ná fram aukinni skilvirkni í starfsemi dómstóla. Einnig var fjallað um sjálfstæði dómstóla og hvernig styrkja megi stoðir réttarríkisins í ljósi umbreytinga í stjórnmálum og vegna átaka. Stofnanirnar eru: Domstolsstyrelsen (DK), Domstoladministrasjonen (NO), Domstolsverket (SE) og Tuomioistuinvirasto/Domstolsverket (FI).

CEPEJ (European Commission for the Efficiency of Justice)

Markmið þessa ráðs er að stuðla að aukinni skilvirkni réttarkerfa innan sambandsríkjanna og setur það m.a. í þeim tilgangi mælikvarða og safnar tölfræðiupplýsingum frá stofnunum og dómstólum. Vefsíða ráðsins er <https://www.coe.int/en/web/cepej/home>. Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar er fulltrúi Íslands í CEPEJ og sótti hún tvo staðfundi á árinu, í júní og desember.



Áherslurnar styðja einkum eftirfarandi markmið:

1. Mannauður:

Hæfir starfsmenn, starfsþróun og markviss símenntun, traust, jafnrétti og virðing, eftirsóknarvert starfsumhverfi

2. Verklag:

Skilvirkni og gæði, hagkvæmni

Mannauður og færni

Dómstólar og dómstólasýslan leitast við að laða að og halda í hæft, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk og stjórnendur sem geta stuðlað að því að dómstólar og dómstólasýslan nái sem best markmiðum sínum hverju sinni í síbreytilegu starfsumhverfi. Sérstök áhersla er lögð á að starfsfólk og stjórnendur tileinki sér þá tækifærni sem þörf er á í stafrænu umhverfi.

Mikilvægt er að starfsfólk viðhaldi færni sinni og auki hana með markvissri símenntun og þroskandi verkefnum. Stjórnendur þurfa að hafa góða hæfni og færni til að skapa gott og hvetjandi starfsumhverfi þar sem styrkleikar starfsfólks fá notið sín og tækifæri gefast til að þróast í starfi.

Fræðsluferðir og kynningar

Héraðsdómur Reykjaness heimsótti lögregluembættið á Suðurnesjum í Leifsstöð um haustið 2025 og fékk að kynnast starfsemi og vinnuaðstöðu þess þar. Héraðsdómur Reykjavíkur bauð starfsfólki sínu upp á fjölbreytta fræðsluviðburði á árinu, svo sem fræðslufyrirlestur um svefn, fjallað var um sálræn áhrif áfalla og fyrstu hjálp og haldið var erindi um mikilvægi hómors og hamingju á vinnustaðnum og hvernig efla megj þrautseigju. Þá fór Landsréttur í fræðsluferð til Strassborgar 1.–4. maí 2025 og heimsótti Héraðsdóm Vesturlands í Borgarnesi. Fjallað er um fræðsluferðir Hæstaréttar í [ársskýrslu réttarins](#).

Innri upplýsingamiðlun – innri vefur

Starfsfólk dómstólanna er með aðsetur víða um land og er Askur, innri vefur dómstólanna, notaður til að efla innri samskipti og auðvelda aðgengi að upplýsingum innan dómstólanna. Þar má finna umfjöllun um helstu verkefni, fræðslu og viðburði í starfsemi dómstólasýslunnar og dómstólanna. Frá opnun vefsins árið 2024 hafa verið um 1500 heimsóknir á síðuna.

Námsleyfi dómara

Dómstólasýslan leggur mat á og tekur afstöðu til umsókna dómara um námsleyfi. Samkvæmt 7. mgr. 44.gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla ávinnur dómari sér rétt til þriggja vikna námsleyfis á hverju starfsári og setur dómstólasýslan nánari reglur. Sjá reglur dómstólasýslunnar um námsleyfi dómara á domstolasyslan.is.

Samtals fóru átta dómarar í námsleyfi árið 2025; tveir við Héraðsdóm Reykjavíkur, einn við Héraðsdóm Norðurlands vestra, einn við Héraðsdóm Norðurlands eystra, tveir við Landsrétt og tveir við Hæstarétt. Þrír dómarar hófu töku námsleyfis í janúar, einn í febrúar og fjórir í september.

Starfsmenntunarsjóður dómara

Starfsmenntunarsjóður dómara starfar á grundvelli 8. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Kostnaður dómara vegna námskeiða, námsstefna, ráðstefna, málþinga, kaupa á fræðiritum og annarrar þekkingaröflunar, hérlandis eða erlendis, sem tengja má dómarastarfinu eða hlutverki dómstóla greiðist úr sjóðnum í samræmi við úthlutunarreglur hans, sjá nánar á domstolasyslan.is. Starfsmenntunarsjóður dómara tekur við umsóknum og sér um greiðslu styrkja í kjölfar samþykktar þeirra. Samþykktar voru 82 umsóknir á árinu 2025. Haldnir voru tveir fundir stjórnar á árinu.

Formaður Starfsmenntunarsjóðs dómara er Friðrik Árni Friðriksson Hirst. Aðrir í stjórn eru Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, tilnefnd af Hæstarétti Íslands, og Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, tilnefnd af dómstólasýslunni. Sonja Hafdis Pálsdóttir, verkefnastjóri hjá Hæstarétti, starfar fyrir sjóðinn.

Fræðsla á vegum dómstólasýslunnar

Námskeið fyrir dómara og aðstoðarmenn dómara 2025

Góð þátttaka var í þeirri fjölbreyttu fræðslu sem boðið var upp á á árinu. Samtals voru skráðar 170 mætingar á námskeið og fræðsluerindi.

Upplýsingaöryggi hjá dómstólunum

Hörður H. Helgason, lögmaður á Landslögum og formaður áhugahóps um upplýsingaöryggi hjá dómstólunum, fjallaði um efnið. Þótt dómstólar njóti aðstoðar tölvufyrirtækja við rekstur upplýsingakerfa sinna bera dómstólar sjálfir beina ábyrgð á öryggi þeirra upplýsinga sem þeir vinna með, svo sem samkvæmt persónuverndarlögum. Því er nauðsynlegt að starfsfólk þeirra beri skyndbragð á grunnþætti upplýsingaöryggis, geti sett þær kröfur fram gagnvart þjónustuaðilum sínum og gengið úr skugga um að þær séu uppfylltar.

Fræðsla um afbrot í netheimum

Hjörtur Benediktsson, sérfræðingur hjá tölvurannsóknardeild lögreglunnar, fjallaði um þá hröðu þróun sem hefur verið undanfarin ár, t.d. varðandi samfélagsmiðla og hvernig þeir eru í auknum mæli notaðir sem sönnunargögn. Kynntar voru stafrænar réttarrannsóknir og fjallað um þær í víðu samhengi. Einnig var farið yfir hnitmiðaðri geira þeirra, aukið umfang rannsókna, hvernig netbrot passa þar inn í, samfélagsmiðla og hvernig gagnaöflun þar er háttað. Einnig voru torskiljanleg hugtök útskýrð.

Nýlegar breytingar á barnalögum

Hrefna Friðriksdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, fór yfir helstu breytingar sem hafa orðið á barnalögum nr. 76/2003 og rædd voru ýmis álitaefni sem reynt hefur á fyrir dómstólum. Lögin hafa tekið nokkuð örum breytingum í takt við þróun réttinda barna og breytt fjölskyldumynstur. Talsverð umræða hefur verið í samfélaginu um lögin og túlkun þeirra og mál rata reglulega til dómstóla.

Barnahús, starfsemi og skýrslutökur

Sérhæfir rannsakendur hjá Barnahúsi, þær Birna Guðmundsdóttir, sérfræðingur í CPC-CBT, Harpa Oddbjörnsdóttir sálfræðingur og Kristín Birna Björnsdóttir sálfræðingur, fjölluðu um viðtalstækni í skýrslutökum í Barnahúsi, rannsóknir og þjálfun sérfræðinga Barnahúss.

Fræðsla um mansal

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands, útskýrði ýmis atriði sem þarf að hafa í huga þegar kemur að mansali, þar á meðal ákvæði Palermó-bókunarinnar við samning SP gegn skipulagðri glæpastarfsemi, Evrópuráðssamninginn um aðgerðir gegn mansali, hegningarlagaákvæðið, þ.e. gr. 227. gr. a, hver einkenni mansals eru og hvernig viðtöl við brotapolu mansals fara fram.

Meðferð persónuupplýsinga við útgáfu dóma - Hvar liggja mörk opinberrar málsmeðferðar og einkalífsverndar

Björg Thorarensen, dómari við Hæstarétt Íslands, fjallaði um meðferð persónuupplýsinga við útgáfu dóma og hvernig finna megja jafnvægi milli almannahagsmuna af opinberri birtingu dóma og einkalífsverndar aðila dómsmála og vitna í ljósi fyrirmæla stjórnarskrárinnar um efnið og dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá var fjallað um gildissvið persónuverndarlaga gagnvart dómstólum og framkvæmd Evrópuþingdómstólsins um skýringu persónuverndarreglugerðar ESB.

Námskeið skipulögð í samstarfi við Starfsmennt, Akademias og fleiri aðila

Verkefnastjórnun, fyrstu skrefin

Sveinbjörn Jónsson, M.Sc. í verkfræði og MPM, fór yfir grunninn á verkefnastjórnun sem og hvað verkefnastjórnun er og hvar hún getur nýst. Áhersla var á undirbúning og eftirfylgni verkefna til að tryggja árangur. Námskeiðið veitir heildarsýn á uppbyggingu verkefna og hvernig hægt er að beita verkefnastjórnun á lítil sem stór verkefni.

Áföll og samskipti

Matthías Matthíasson, teymisstjóri geðheilsuteymis fangelsanna, fjallaði um ákjósanlegar leiðir til samskipta við einstaklinga sem hafa upplifað áföll eða þjást af áfallastreituröskun. Leitast var eftir að útskýra aðstæður einstaklinga sem hafa upplifað áföll og auki skilning á mismunandi aðstæðum fólks og þekkingu á æskilegum viðbrögðum og framkomu gagnist þeim einstaklingum.

Copilot - gervigreind

Boðið var upp á örnámskeið í Microsoft Copilot sem nýtir þá þekkingu sem er til staðar til að auka framleiðni þeirra sem nýta tólið. Copilot getur sparað tíma og auðveldað vinnuflæði með aðstoð við hin ýmsu verkefni, textagerð, gagnavinnslu, kynningar eða önnur verkefni.

Tölvufærni

Í samvinnu við Starfsmennt var boðið upp á vefnám með valfrjálsu upphafi og tímasetningu. Boðið var upp á grunn- og framhaldsnámskeið í Excel, grunn- og framhaldsnámskeið í Word, námskeið í Outlook, í verkefna- og tímastjórnun, hugarkortum (e. mind mapping) og í Microsoft Teams.

Önnur fræðsla

Framboð námskeiða hjá Akademias

Haustið 2025 gerði dómstólasýslan samning við Akademias sem fól m.a. í sér að starfsfólk dómstóla hefur aðgang að yfir 200 rafrænum námskeiðum um ýmis efni, þar á meðal um notkun ýmissa hugbúnaðarlausna og upplýsingatækni, stjórnun, heilsuefningu og vinnuvernd.

Námskeið fyrir matsmenn

Dómstólasýslan og Lögmannafélag Íslands stóðu fyrir tveggja daga námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn. Farið var yfir hlutverk þeirra og starf frá dómkvaðningu og þar til þeir skila matsgerð og/eða mæta fyrir dóm. Í lok síðari námskeiðsdags var farið í Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem nánar var upplýst um samskipti dómkvaddra matsmanna við dómstólana. Þetta er níunda árið sem námskeið fyrir matsmenn er haldið, en 42 sérfræðingar sóttu námskeiðið í ár. Kennari á námskeiðinu var Viðar Lúðvíksson, lögmaður hjá Landslögum. Lögmannafélag Íslands heldur utan um lista yfir þá sem hafa sótt námskeiðið og vilja vera til taks sem matsmenn. Uppfærðar upplýsingar um þá eru sendar á dómstóla og lögmenn í byrjun hvers árs, en í lok árs voru 258 á listanum. Hafði þeim fjölgað um 20 frá árinu áður.



Áherslurnar styðja einkum eftirfarandi markmið:

1. **Þjónusta:**
Traust til dómstóla
2. **Mannauður:**
Eftirsóknarvert starfsumhverfi

Húsnæðis- og öryggismál

Áherslur í húsnæðismálum

Húsnæði dómstóla þarf að uppfylla kröfur um öryggi og fyrirmæli laga um aðbúnað og hollustuhætti. Dómarar, annað starfsfólk og þau sem koma í dómhús verða að geta treyst því að þau njóti þar öryggis. Húsnæðið þarf að hæfa stöðu dómstóla og starfsemi þeirra og tryggt þarf að vera að allir eigi greitt aðgengi að húsnæði dómstóla og innan þeirra.

Unnið hefur verið að greiningum á húsnæði dómstóla og þörfum dómstóla. Á árinu var lokið við vinnu að almennri húslýsingu fyrir dómstól. Vinnan fór fram í samvinnu við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir. Lýsingin felur í sér grunnviðmið um þær þarfir sem húsnæði dómstóla þarf að uppfylla.

Á árinu var einnig lokið við þarfagreiningu og gerð sérstakrar húslýsingar fyrir Héraðsdóm Norðurlands eystra í samvinnu við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir. Í kjölfarið auglýsti stofnunin eftir húsnæði fyrir dómstólinn á Akureyri. Síðla árs lá fyrir að ekkert húsnæði yrði boðið fram. Í kjölfarið var því ákveðið að leita annarra lausna í samráði við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir og dómsmálaráðuneytið.

Dómstólasýslan fékk fyrirtækið Öruggr verkfræðistofa til að vinna viðbúnaðar- og viðbragðsáætlun vegna ógna í húsnæði héraðsdómstóla. Áætlunin byggir á fyrirbyggjandi öryggisstefnu dómstólasýslunnar og öryggisviðmiðum sem unnin voru í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Héraðsdómur Reykjaness tók þátt í verkefninu sem mun nýtast hjá öllum dómstólum.

Sjálfstæðar nefndir með aðsetur hjá dómstólasýslunni

Nefnd um dómarastörf

Nefnd um dómarastörf er sjálfstæð og óháð nefnd sem starfar á grundvelli dómstólalaga nr. 50/2016. Nefndinni er ætlað að styrkja stöðu dómstólanna sem sjálfstæðra og óháðra stofnana, jafnt inn á við sem út á við. Nefndin hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni sem veitir henni margvíslega aðstoð, m.a. við að skrá mál og birta álit á vef dómstólasýslunnar og við birtingu á hagsmunaskráningu dómara.

Nefndin var þannig skipuð á árinu 2025:

- » Ragnheiður Thorlacius, fyrrverandi héraðsdómari, formaður nefndarinnar. Varamaður hennar er Guðmundur Sigurðsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.
- » Sigrún Guðmundsdóttir, fyrrverandi héraðsdómari. Varamaður hennar er Sigríður Ingvarsdóttir, fyrrverandi héraðsdómari.
- » Andri Fannar Bergþórsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík. Varamaður hans er Haukur Logi Karlsson, dósent við Háskólann á Bifröst.

Nefndin hefur sett sér reglur um birtingu álita en nánari upplýsingar um nefndina, aukastörf dómara, álit og ákvarðanir má finna á domstolasyslan.is.

Sjá ársskýrslu nefndar um dómarastörf 2025.

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara er sjálfstæð og óháð nefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara sem og embætti dómenda við Endurupptökudóm. Dómnefndin starfar á grundvelli III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla og hefur aðstöðu hjá dómstólasýslunni. Nefndin hélt 39 fundi á árinu í húsakynnum dómstólasýslunnar. Starfsmaður dómstólasýslunnar gegnir stöðu ritara hennar.

Dómnefndin er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum. Skipunartími í nefndina er fimm ár. Í upphafi árs 2025 var nefndin skipuð þannig:

- » Ása Ólafsdóttir hæstaréttardómari, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, tilnefnd af Hæstarétti. Varamaður Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari.
- » Jóhannes Sigurðsson landsréttardómari, tilnefndur af Landsrétti. Varamaður Kjartan Bjarni Björgvinsson landsréttardómari.
- » Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður, tilnefnd af Alþingi. Varamaður Sigríður Þorgeirsdóttir lögfræðingur.
- » Þorgeir Örlygsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, tilnefndur af dómstólasýslunni. Varamaður Ragnheiður Thorlacius, fyrrverandi héraðsdómari.
- » Reimar Pétursson lögmaður, tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands. Varamaður Hjördís Halldórsdóttir lögmaður.

Nefndarmaðurinn Jóhannes Sigurðsson landsréttardómari var skipaður sem aðalmaður á ný frá og með 3. október 2025 og var Arnfríður Einarsdóttir, fyrrverandi landsréttardómari, skipuð varamaður hans.

Verkefni dómnefndarinnar er að láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara þegar slík embætti eru auglýst. Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna. Dómnefndin gerir einnig tillögu til ráðherra þegar setja þarf dómara til skemmri tíma en sex mánaða, eins ef allir dómara við Hæstarétt, Landsrétt eða í héraði eru vanhæfir til að fara með mál.

Á árinu veitti nefndin ráðherra umsögn vegna auglýsinga um skipun í sex embætti dómara. Um var að ræða eitt embætti héraðsdómara, tvö embætti dómara við Landsrétt og embætti eins dómenda og tveggja varadómenda við Endurupptökudóm. Þá veitti nefndin umsögn vegna setningar til lengri tíma en sex mánaða í eitt embætti landsréttardómara og eitt embætti héraðsdómara.

Hinn 15. nóvember 2024 auglýsti dómismálaráðherra tvö embætti héraðsdómara laus til umsóknar, annars vegar skipun í embætti dómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjaness og hins vegar setningu í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Alls bárust fjórar umsóknir um embættin. Einn sótti eingöngu um skipun og annar aðeins um setningu. Tveir sóttu um bæði embættin. Umsagnir dómnefndar lágu fyrir 27. janúar 2025 þar sem hún mat Jónas Þór Guðmundsson lögmann hæfastan til að hljóta skipun í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjaness og Brynjar Nielsson lögmann hæfastan til að hljóta setningu í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Skipun í embætti varadómanda við Endurupptökudóm var auglýst laus til umsóknar 28. febrúar 2025 og sótti einn um embættið. Umsögn dómnefndar lá fyrir 30. apríl 2025 og skipaði ráðherra Tómas Hrafn Sveinsson lögfræðing í embættið.

Skipun í embætti landsréttardómara var auglýst laus til umsóknar 13. júní 2025. Þrír sóttu um embættið og mat dómnefndin Eyvind G. Gunnarsson, settan landsréttardómara, hæfastan til að hljóta skipun í embættið í umsögn sinni 15. september 2025.

Tvö embætti landsréttardómara voru auglýst laus til umsóknar 24. október 2025, annars vegar skipun og hins vegar setning til og með 28. febrúar 2029. Alls bárust sjö umsóknir um bæði embættin. Niðurstaða dómnefndar lá fyrir í umsögn 17. desember 2025. Að mati dómnefndar var Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, fremst umsækjenda og því næst Eiríkur Elís Þorláksson dósent til að hljóta skipun og setningu í umrædd embætti.

Þá voru auglýst laus til umsóknar tvö embætti við Endurupptökudóm 24. október 2025, annars vegar embætti dómanda og hins vegar embætti varadómanda. Einn sótti um hvort embætti og lá umsögn dómnefndar fyrir 19. desember sama ár. Í samræmi við umsögn dómnefndar var Reimar Snæfells Pétursson lögmaður skipaður dómandi við dóminn og Matthías G. Pálsson lögfræðingur var skipaður varadómandi.

Fimmtán einstaklingar sóttu um framangreind embætti, sjö konur og átta karlar. Sex konur sóttu um tvö embætti og ein kona um þrjú embætti. Af átta körlum sótti einn karl um tvö embætti og annar um þrjú.

Í þremur umsóknarferlum um skipun í embætti dómara sóttu einungis karlar um, þ.e. skipun í embætti dómanda og tveggja varadómenda við Endurupptökudóm.

Í sex umsóknarferlum taldi nefndin að einn nafngreindur umsækjandi væri hæfastur. Í þau skipti var karl metinn hæfastur en áréttað er að í þremur þeirra sóttu eingöngu karlar um. Í umsóknarferli um tvö embætti dómara við Landsrétt, annars vegar um skipun og hins vegar um setningu til lengri tíma en sex mánaða, taldi nefndin einn umsækjanda hæfastan til að gegna embættunum (konu) og annan næsthæfastan (karl).

Þá gerði nefndin tillögu til ráðherra um setningu dómara til skemmri tíma en sex mánaða í níu skipti, fimm sinnum um setningu héraðsdómara og fjórum sinnum um setningu við Landsrétt. Ingvar Þoroddsson lögmaður var settur dómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra, Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir lögfræðingur við Héraðsdóm Reykjaness og Sindri M. Stephensen, settur héraðsdómari, var þrisvar sinnum settur við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þrjú voru sett dómarar við Landsrétt til skemmri tíma en sex mánuði, Eiríkur Elís Þorláksson dósent tvisvar sinnum, Arnfríður Einarsdóttir, fyrrverandi landsréttardómari, einu sinni og Víðir Smári Petersen prófessor einu sinni. Í þeim tilvikum sem sami einstaklingur var settur oftari en einu sinni leit nefndin til þess að óskað var setningar við sama dómstól og þannig að setningartímabil féllu saman. Þá gerði nefndin tvisvar tillögu um setningu þriggja varadómara til meðferðar tveggja mála fyrir Landsrétti.

Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 skal dómnefnd skila umsögn um umsækjendur innan sex vikna frá því að nefndin hefur komið saman til fundar fullmönnuð. Fresturinn getur orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar. Meðalmálsmeðferðartími umsókna um auglýst embætti á árinu var fimm vikur og tveir dagar. Að meðaltali afgreiddi dómnefndin beiðni dómismálaráðuneytis um tillögur vegna setningar í dómaraembætti til skemmri tíma en sex mánaða á innan við fimm dögum.

ÖNNUR VERKEFNI DÓMSTÓLASÝSLUNNAR

Reglur

Dómstólasýslan gefur út reglur með það að markmiði að tryggja samræmda framkvæmd hjá dómstólum.

Eftirtaldar reglur voru samþykktar í stjórn dómstólasýslunnar á árinu 2024 en tóku gildi 1. janúar 2025:

- » Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2025
- » Reglur um sérfróða meðdómsmenn nr. 2/2025
- » Reglur um útgáfu dagskrár héraðsdómstóla nr. 3/2025
- » Reglur um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum nr. 1662/2024

Reglur sem voru samþykktar í stjórn dómstólasýslunnar og tóku gildi á árinu 2025:

- » Reglur um ákvörðun málskostnaðar við áritun stefnu í útvistarmáli skv. 113. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála nr. 4/2025
- » Reglur um útgáfu dagskrár héraðsdómstóla nr. 736/2025
- » Reglur um hámarkslengd stefnu og greinargerða í einkamálum o.fl. nr. 5/2025

Reglur sem voru samþykktar í stjórn dómstólasýslunnar á árinu 2025 og taka gildi á árinu 2026:

- » Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2026
- » Reglur um sérfróða meðdómsmenn nr. 2/2026
- » Reglur um útgáfu dagskrár héraðsdómstóla nr. 1630/2025

Ákvarðanir

Á grundvelli reglna um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum nr. 1662/2024 tók stjórn dómstólasýslunnar eftirtaldar ákvarðanir:

- » Ákvörðun dómstólasýslunnar um skjöl sem berast skuli dómstóli í gegnum réttarvörslugátt 6. janúar 2025
- » Ákvörðun dómstólasýslunnar um skjöl sem berast skuli dómstóli í gegnum réttarvörslugátt 25. febrúar 2025
- » Ákvörðun dómstólasýslunnar um skjöl sem berast skuli dómstóli í gegnum réttarvörslugátt 26. september 2025

Hámarks lengd stefnu og greinargerða

Hinn 1. maí 2025 tóku gildi nýjar leiðbeinandi reglur dómstólasýslunnar um hámarks lengd stefnu og greinargerða í einkamálum o.fl.

Markmiðið með setningu reglnanna var að stuðla að því að stefnur og greinargerðir í dómsmálum á öllum dómstigum séu hnitmiðaðar, gagnorðar og skýrar en ekki of langar og auka þannig skilvirkni við meðferð dómsmála.

Reglurnar mæla fyrir um að lýsing málsatvika, málsástæðna og lagaraka í stefnu til héraðsdóms skuli ekki vera lengri en sakarefni og umfang máls gefa tilefni til. Lýsingin skuli vera hnitmiðuð og gagnorð og að jafnaði ekki lengri en 3.500 orð (þ.e. um átta blaðsíður). Sama hámarks lengd á við um greinargerð fyrir héraðsdómi en umfjöllun um formhlið máls samhliða efnisvörnum getur þó réttlætt lengri greinargerð.

Í sérstaklega flóknum eða sérstaklega umfangsmiklum málum getur lýsing málsatvika, málsástæðna og lagaraka í stefnu og greinargerð fyrir héraðsdómi verið allt að 7.500 orð (þ.e. um 18 blaðsíður) eða í algjörum undantekningar-

tilvikum allt að 10.000 orð (þ.e. um 24 blaðsíður). Sömu viðmið eiga við um greinargerðir aðila fyrir Landsrétti og Hæstarétti.

Reglurnar mæla jafnframt fyrir um að greina skuli eins skýrlega og kostur er á milli málsatvikalýsingar annars vegar og málsástæðna hins vegar, t.d. með kaflaskiptingu á milli þeirra. Þegar mörgum málsástæðum er teft fram til stuðnings málatilbúnaði aðila skuli aðgreina þær með skýrum hætti, t.d. með því að tölusetja málsástæðurnar. Áður en reglurnar voru samþykktar fengu allir dómstólar, Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands tækifæri til þess að koma á framfæri athugasemdum við drög að reglunum. Af því tilefni fundaði dómstólasýslan jafnframt með Lögmannafélaginu.

Um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla


Dómstólar gefa út dómsúrlausnir í samræmi við ákvæði laga nr. 50/2016 um dómstóla og reglur dómstólasýslunnar nr. 3/2022 um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla, sem settar eru á grundvelli 6. mgr. 7. gr. fyrrgreindra laga.

Reglur um útgáfu dómsúrlausna taka mið af grundvallarreglum um réttláta og opinbera málsmeðferð og rétti almennings til aðgangs að upplýsingum um réttarframkvæmd. Þá eiga þær að veita dómstólum aðhald og stuðla að því að borgarar geti treyst því að allir njóti jafnræðis við úrlausn mála fyrir dómstólum. Við útgáfu dómsúrlausna skal jafnframt gætt að stjórnarskrárvörðum rétti til friðhelgi einkalífs og lagaákvæðum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Útgáfu dómsúrlausna eru því settar vissar skorður sem endurspeglast í reglum og ákvörðunum um útgáfu dóma.

Framangreind lög og reglur gera þannig ráð fyrir því að þegar dómsúrlausnir Hæstaréttar, Landsréttar, héraðsdómstóla og Endurupptökudóms eru gefnar út skuli nema brott úr þeim viðkvæmar upplýsingar sem þar koma fram og eðlilegt þykir að leynt fari. Þá er útgáfa dómsúrlausna sem kveðnar eru upp í héraði bundin frekari takmörkunum, en samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 50/2016 og 6. gr. reglna nr. 3/2022 skulu ákveðnar dómsúrlausnir héraðsdómstóla ekki gefnar út.

Útgáfa dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla

	Dómsúrlausnir til útgáfu	Útgefnar dómsúrlausnir á vef	Útgáfuhlutfall %
Munnlega flutt einkamál	403	373	93%
Ákærumál	883	816	92%



Hlutfall útgefinna dómsúrlausna í héraði verður því að skoða í ljósi framangreindra reglna og viðmiða. Með hliðsjón af því sem að framan greinir voru til útgáfu um 403 dómur og úrskurðir í munnlega fluttum einkamálum sem kveðnar voru upp á árinu 2025. 373 úrlausnir hafa verið gefnar út á vefsíðum dómstóla og er útgáfuhlutfallið því um 93%. Í ákærumálum voru til útgáfu 883 dómsúrlausnir sem kveðnar voru upp á árinu 2025. 816 dómsúrlausnir hafa verið gefnar út á vefsíðum dómstóla og útgáfuhlutfall því um 92%.

Sérfróðir meðdómsmenn

Eitt af hlutverkum dómstólasýslunnar er að tilnefna hæflegan fjölda sérfróðra meðdómsmanna, sbr. VII. kafla laga um dómstóla. Sérfróðir meðdómsmenn eru kallaðir til í málum þar sem sérkunnáttu er þörf til þess að leysa úr

máli. Markmið kvaðningar sérfróðra meðdómsmanna er að auka gæði dómsúrlausna og traust á störfum dómstóla. Gert er ráð fyrir að dómstólasýslan tilnefni aðila með sérkunnáttu á öðrum sviðum en lögfræði til fimm ára í senn til að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna á helstu sviðum þar sem reynir á slíka þekkingu við meðferð mála fyrir héraðsdómi og Landsrétti.

Sjá nánar á [vef dómstólasýslunnar](#).

Dómstólasýslan tilnefndi árið 2025 35 einstaklinga til þess að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna til næstu fimm ára. Við árslok 2025 voru þau 234 talsins.

Starfshópar á vegum dómstólasýslunnar

Vinnuhópur dómara um endurskoðun á dómstólaskipan í héraði

Á fundi stjórnar dómstólasýslunnar í mars 2025 var ákveðið að setja á fót vinnuhóp um endurskoðun á dómstólaskipan í héraði. Í vinnuhópnum sátu dómstjórar, dómarar og fyrrverandi dómari. Starfsfólk dómstólasýslunnar var vinnuhópnum til aðstoðar. Vinnuhópnum var falið að taka til skoðunar breytingar á skipan dómstóla í héraði og setja fram hugmyndir um fjölda héraðsdómstóla og aðsetur þeirra, umdæmi og umdæmamörk héraðsdómstóla, fjölda starfsstöðva í umdæmi hvers héraðsdómstóls og staðsetningu þeirra sem og önnur atriði sem varða dómstólaskipan í héraði sem vinnuhópurinn vildi koma á framfæri.

Í erindisbréfi vinnuhópsins kom fram að hugað skyldi að ákveðnum markmiðum og áskorunum. Fram kom að aðgengi allra íbúa landsins að héraðsdómstólum skyldi verða betra eða jafngott og nú er. Þá var vísað til markmiða um jöfnun vinnuálags og bætta nýtingu mannauðs héraðsdómstóla, aukna skilvirkni, gæði í starfsemi héraðsdómstóla og bætta nýtingu fjárframlaga til héraðsdómstóla. Hvað áskoranir varðar var nefnt að tryggja bæri að störf flyttust ekki af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið, að íbúar þyrftu ekki að fara um of langan veg til að mæta fyrir dóm og að tryggja yrði starfsfólki héraðsdómstóla faglegt og gott vinnuumhverfi.

Vinnuhópurinn útfærði fjórar tillögur sem í meginatriðum lutu að því að fækka héraðsdómstólum í þrjá eða fjóra. Að mati dómstólasýslunnar var tillaga um þrjá héraðsdómstóla álitlegust að teknu tilliti til þeirra markmiða sem stefnt er að og þeim áskorunum sem áður er lýst. Í þeirri tillögu fólst að héraðsdómstólarnir yrðu þessir: 1) Héraðsdómur Reykjavíkur, Vesturlands og Vestfjarða, 2) Héraðsdómur Reykjaness og Suðurlands, 3) Héraðsdómur Austurlands og Norðurlands. Höfuðstöðvar dómstólanna yrðu í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri, en starfsstöðvar yrðu á öllum þeim stöðum þar sem héraðsdómstólar eru í dag. Tillagan felur í sér að komið verði á fót þremur öflugum héraðsdómstólum. Að mati dómstólasýslunnar skapar hún forsendur fyrir faglegt umhverfi hjá öllum dómstólum og sveigjanleika við úthlutun mála innan umdæma.

Auk þess verður unnt að bera dómstólana saman með tilliti til skilvirkni og gæða. Dómstólasýslan kynnti dómsmálaráðherra tillögurnar á fundi í júní 2025.

Starfshópur um hlutverk og notkun skapandi gervigreindar í dómskerfinu

Í júní 2025 skipaði dómstólasýslan í samráði við Dómarafélag Íslands starfshóp um hlutverk og notkun skapandi gervigreindar hjá dómstólum. Í hópnum sátu dómarar af öllum dómstigum auk aðstoðarmanns dómara. Hópn- um var falið að setja fram tillögu til dómstólasýslunnar að stefnu um hlutverk skapandi gervigreindar við úrlausn dómsmála og leiðbeinandi reglum um notkun hennar. Í þessu skyni var lagt fyrir hópinn að kynna sér stöðu mála á öðrum Norðurlöndum varðandi hlutverk og notkun skapandi gervigreindar hjá dómstólum svo og ályktanir og ákvarðanir nefnda Evrópuráðsins, þ.e. ráðgjafarnefndar dómara (CCJE) og nefndar um skilvirkni í dómskerfinu (CEPEJ), um notkun skapandi gervigreindar og sambærilegra hjá dómstólum. Þá var hópnum falið að greina áhættur sem felast í notkun skapandi gervigreindar við meðferð dómsmála, meðal annars með hliðsjón af grundvallarreglum um réttláta málsmeðferð, siðareglum dómara og sjónarmiðum um upplýsingaöryggi og persónuvernd. Í desember 2025 skilaði starfshópurinn drögum að stefnu um notkun spunagreindar í dómskerfinu og leiðbeinandi reglum um sama efni. Dómstólasýslan mun yfirfara tillögur starfshópsins og vinna frekar úr þeim.

Umhverfisstefna

Dómstólarnir og dómstólasýslan samþykktu loftslagsstefnu árið 2021 í samræmi við lög um loftslagsmál, eins og þeim var breytt með lögum nr. 86/2019. Stefnan tekur til alls reksturs dómstólanna og varðar allt starfsfólk þeirra. Hún tekur m.a. til samgangna, innkaupa, orkunotkunar, úrgangsmýndunar og umhverfisfræðslu. Stefnunni er fylgt eftir með þátttöku í verkefninu Græn skref sem er í umsjá Umhverfisstofnunar. Dómstólarnir og dómstólasýslan hafa uppfyllt þrjú skref af fimm. Með þátttöku í Grænum skrefum vilja dómstólarnir og dómstólasýslan draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsfólks.

Sjálfbærni og umhverfisvitund


Unnið er markvisst að því að minnka kolefnisspor í samræmi við stefnu stjórnvalda þar um. Lögð er áhersla á stafrænar lausnir til að draga úr pappírnotkun og ferðum. Hvatt er til umhverfsvæns ferðamáta og leitast við að draga úr sóun.

MÁLATÖLUR

Í meðfylgjandi töflum er samantekt yfir áfrýjuð einkamál og sakamál í Hæstarétti og Landsrétti á árinu 2025 ásamt samanlögðum fjölda einkamála og sakamála í héraðsdómstólunum átta og yfirliti yfir málsmeðferðartíma á öllum dómstigum.


Nánari sundurliðun á málafjölda og málategundum er að finna í umfjöllun um hvert dómstig fyrir sig.

Hæstiréttur árið 2025




Hæstiréttur - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	40
Einkamál kært	16
Sakamál áfrýjað	12
Sakamál kært	2
Samtals	70

Landsréttur árið 2025



Landsréttur - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	254
Einkamál kært	171
Sakamál áfrýjað	98
Sakamál kært	381
Samtals	904

Héraðsdómstólar árið 2025



Héraðsdómstólar - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Munnlega flutt einkamál	798
Ákærumál	1.779
Samtals	2.577

Hæstiréttur

Fjöldi mála

Hæstiréttur hafði til afgreiðslu 89 mál árið 2025, þar af voru 19 óafgreidd í ársbyrjun og 70 mál bárust á árinu. Í árslok voru 34 mál óafgreidd.

Hæstiréttur hafði

89 mál

til afgreiðslu árið 2025

Dæmd mál og málsmeðferðartími


Á árinu 2025 dæmdi Hæstiréttur í 51 máli, 37 áfrýjuðum einka- og sakamálum og 14 kærðum einka- og sakamálum. Málsúrslit voru staðfest í 28 málum árið 2025, þeim breytt að einhverju leyti í þremur málum, breytt að verulegu leyti í sex málum en snúið við, ómerkt eða vísað frá í 13 málum.

Málsmeðferðartími í Hæstarétti í áfrýjuðum einkamálum, frá því að áfrýjunarstefna var gefin út fram að lyktum, var 223 dagar árið 2025 samanborið við 238 daga árið 2024.

Í áfrýjuðum sakamálum var málsmeðferðartími, frá því að útgefin áfrýjunarstefna barst réttinum frá ríkissaksóknara fram að lyktum, 209 dagar árið 2025 samanborið við 219 daga árið 2024.

Málskotsbeiðnir – áfrýjunar- eða kæruleyfi

Á árinu 2025 bárust Hæstarétti samtals 186 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi og voru 32 beiðnir óafgreiddar frá fyrra ári. Beiðnirnar eru flokkaðar eftir því hvort beðið var um áfrýjunarleyfi vegna einkamáls eða sakamáls eða kæruleyfi. Alls voru afgreiddar 194 beiðnir á árinu og voru 24 beiðnir óafgreiddar í árslok.



Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	16	18	20	21	19	24	19
Innkomin mál á árinu	58	41	56	59	57	56	70
Mál til afgreiðslu	74	59	76	80	76	80	89
Dómar	50	38	55	60	51	60	51
Afturkallað/fellt niður	6	1	0	1	1	1	4
Samtals afgreidd mál	56	39	55	61	52	61	55
Óafgreidd mál í árslok	18	20	21	19	24	19	34

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð einkamál

Í töflunni má sjá yfirlit yfir fjölda óafgreiddra áfrýjaðra einkamála í upphafi árs og upplýsingar um lyktir þeirra og fjölda óafgreiddra mála í árslok árin 2019–2025.

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	12	16	12	11	10	21	13
Innkomin mál á árinu	36	23	25	28	37	30	40
Mál til afgreiðslu	48	39	37	39	47	51	53
Dómar	28	27	27	28	25	37	27
Afturkallað/fellt niður	5	0	0	1	1	1	4
Samtals afgreidd mál	33	27	27	29	26	38	31
Óafgreidd mál í árslok	15	12	10	10	21	13	22

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð sakamál

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	1	2	6	6	5	3	4
Innkomin mál á árinu	3	8	10	14	6	6	12
Mál til afgreiðslu	4	10	6	20	11	9	16
Dómar	2	4	11	15	8	5	10
Afturkallað/fellt niður	0	0	0	0	0	0	0
Samtals afgreidd mál	2	4	11	15	8	5	10
Óafgreidd mál í árslok	2	6	5	5	3	4	6

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð einkamál

Kærð einkamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	3	0	2	3	4	0	2
Innkomin mál á árinu	16	10	16	15	13	18	16
Mál til afgreiðslu	19	10	18	18	17	18	18
Dómar	17	7	14	14	17	16	12
Afturkallað/fellt niður	1	1	0	0	0	0	0
Samtals afgreidd mál	18	8	14	14	17	16	12
Óafgreidd mál í árslok	1	2	4	4	0	2	6

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð sakamál

Kærð sakamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	0	0	1	0	0	0
Innkomin mál á árinu	3	0	5	2	1	2	2
Mál til afgreiðslu	3	0	5	3	1	2	2
Dómar	3	0	3	3	1	2	2
Afturkallað/fellt niður	0	0	0	0	0	0	0
Samtals afgreidd mál	3	0	3	3	0	2	2
Óafgreidd mál í árslok	0	0	2	0	0	0	0

Hæstiréttur: Málsmeðferðartími (meðaltal í dögum)

Tegund mála	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Áfrýjuð einkamál	141	205	200	189	230	238	223
Áfrýjuð sakamál	0	173	164	207	199	219	209
Kærð einkamál	49	72	31	39	65	43	44
Kærð sakamál	11	0	12	53	15	2,5	21
Öll mál	98	177	137	175	166	177	170

- Málsmeðferðartími einkamála telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út.
- Málsmeðferðartími sakamála telst frá því að útgefin áfrýjunarstefna berst frá ríkissaksóknara. Það athugist að endurupptekin dómsmál reiknast ekki með í málsmeðferðartíma.

Hæstiréttur: Málsúrslit dæmdra mála

Dæmd mál	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Staðfest	30	20	22	19	20	31	28
Breytt að einhverju leyti		5	7	9	6	5	3
Breytt að verulegu leyti	2	2	2	4	3	1	6
Snúið við	5	5	8	8	9	16	11
Ómerking/frávísun	13	6	14	20	11	7	2
Samtals dómar	50	38	53	60	51	60	50

Landsréttur

Fjöldi mála

Á árinu 2025 bárust Landsrétti 905 ný mál. Af þeim voru 254 áfrýjuð einkamál og 98 áfrýjuð sakamál.

Dæmd mál og málsmeðferðartími

Á árinu 2025 voru leidd til lykta 935 mál, þar af lauk 852 málum með dómi eða úrskurði en 83 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 556 málum, henni breytt að einhverju leyti í 109 málum og breytt verulega eða snúið við í 147 málum.

Meðalmálsmeðferðartími í Landsrétti í áfrýjuðum einkamálum, frá útgáfu áfrýjunarstefnu fram að lyktum, var 340 dagar árið 2025.

Meðalmálsmeðferðartími í áfrýjuðum sakamálum, frá þingfestingu máls fram að lyktum, var 174 dagar árið 2025. Talsverður tími getur liðið frá því að ákærvaldið gefur út áfrýjunarstefnu og tilkynnir Landsrétti um áfrýjun þar til málgögn eru tilbúin og lögð fram í réttinum en við það síðara tímamark miðast þingfesting. Gerð málgagna er á ábyrgð ákærvaldsins en viðkomandi héraðsdómi ber að afhenda ákærvaldinu dómsgerðir. Til dómsgerða teljast endurrit og hljóðupptökur af munnlegum framburði fyrir héraðsdómi. Tíminn frá skráningu fram að þingfestingu var að meðaltali 159 dagar árið 2025.

Áfrýjuð mál

Málum er unnt að skjóta til Landsréttar með áfrýjun eða kæru. Málsmeðferð í áfrýjuðum málum er munnleg þar sem við aðalmeðferð mála er unnt að leiða aðila og vitni til skýrslugjafar. Landsréttur afgreiddi 368 áfrýjuð mál á árinu 2025, 257 einkamál og 111 sakamál, þar af voru kveðnir upp dómur eða úrskurðir í 305 málum en 63 mál voru felld niður.

Landsrétti bárust

905 ný mál

árið 2025

Á árinu kvað Landsréttur upp dóma eða úrskurði í 207 áfrýjuðum einkamálum en 50 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 106 málum, henni breytt að einhverju leyti í 29 málum, breytt verulega eða snúið við í 61 máli en 11 mál voru ómerkt eða þeim vísað frá dómi.

Landsréttur kvað upp dóma eða úrskurði í 98 áfrýjuðum sakamálum en 13 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 33 málum, henni breytt að einhverju leyti í 42 málum, breytt verulega eða snúið við í 19 málum en fjögur mál voru ómerkt eða þeim vísað frá dómi.

Kærð mál

Einkamál sem hægt er að skjóta til Landsréttar með kæru eru annars vegar ágreiningur sem lýtur að réttarfarsatriðum og hins vegar mál sem löggjafinn hefur metið svo að þyrftu skjótrar úrlausnar við. Almennt fer ekki fram aðalmeðferð í slíkum málum.

Landsréttur afgreiddi 567 kærð mál á árinu 2025, 184 einkamál og 383 sakamál, þar af voru kveðnir upp úrskurðir í 547 málum en 20 voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest eða henni breytt að einhverju leyti í 455 málum en breytt verulega eða snúið við í 67 málum. 25 mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	283	373	353	380	366	350	318
Innkomin mál á árinu	889	754	805	840	912	1017	905
Mál til afgreiðslu	1172	1127	1158	1220	1278	1377	1223
Dómar	705	702	705	762	838	953	852
Afturkallað/fellt niður	94	72	73	92	90	106	83
Samtals afgreidd mál	799	774	778	854	928	1059	935
Óafgreidd mál í árslok	373	353	380	366	350	318	288

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð einkamál

Áfrýjuð einkamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	184	200	225	264	250	241	212
Innkomin mál á árinu	289	228	273	268	238	226	254
Mál til afgreiðslu	473	428	498	532	488	467	466
Dómar og úrskurðir	217	170	181	220	193	196	207
Afturkallað/fellt niður	56	33	53	62	54	59	50
Samtals afgreidd mál	273	203	234	282	247	255	257
Óafgreidd mál í árslok	200	225	264	250	241	212	209

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð sakamál

Áfrýjuð sakamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	88	143	106	91	96	94	78
Innkomin mál á árinu	147	80	120	106	111	112	98
Mál til afgreiðslu	235	223	226	197	207	206	176
Dómar og úrskurðir	81	103	126	96	100	111	98
Afturkallað/fellt niður	11	14	9	5	13	17	13
Samtals afgreidd mál	92	117	135	101	113	128	111
Óafgreidd mál í árslok	143	106	91	96	94	78	65

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð einkamál

Kærð einkamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	11	21	20	22	19	9	26
Innkomin mál á árinu	198	219	188	205	187	222	172
Mál til afgreiðslu	209	240	208	227	206	231	198
Fjöldi úrskurða	170	203	181	193	185	188	177
Afturkallað/fellt niður	18	17	5	15	12	17	7
Samtals afgreidd mál	188	220	186	208	197	205	184
Óafgreidd mál í árslok	21	20	22	19	9	26	14

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð sakamál

Kærð sakamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	8	2	3	1	6	2
Innkomin mál á árinu	254	228	224	261	376	467	381
Mál til afgreiðslu	254	236	226	264	377	473	383
Fjöldi úrskurða	237	226	217	253	360	458	370
Afturkallað/fellt niður	9	8	6	10	11	13	13
Samtals afgreidd mál	246	234	223	263	371	471	383
Óafgreidd mál í árslok	8	2	3	1	6	2	0

Landsréttur: Málsmeðferðartími (meðaltal í dögum)

Tegund mála	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Áfrýjuð einkamál	227	326	352	345	375	385	340
Áfrýjuð sakamál	198	243	253	191	158	162	174
Kærð einkamál	35	37	33	33	32	31	39
Kærð sakamál	3	7	3	4	3	3	2

- Málsmeðferðartími áfrýjaðra einkamála telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út að lyktum.
- Málsmeðferðartími áfrýjaðra sakamála telst frá þingfestingu máls að lyktum.

Meðalmálsmeðferðartími áfrýjaðra sakamála frá skráningu máls fram að þingfestingu:

2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
154	194	130	159	168	178	159

Landsréttur: Málsúrslit innkominna mála

Áfrýjuð mál	Einkamál				Sakamál			
	2022	2023	2024	2025	2022	2023	2024	2025
Staðfest	120	108	111	106	29	33	47	33
Breytt að einhverju leyti	30	29	24	29	41	32	38	42
Breytt verulega eða snúið við	54	36	42	61	21	29	24	19
Ómerking eða frávisun	16	20	19	11	5	6	2	4
Niðurfelld mál	62	54	59	50	5	13	17	13
Samtals áfrýjuð mál	282	247	255	257	101	113	128	111

Kærð mál	Einkamál				Sakamál			
	2022	2023	2024	2025	2022	2023	2024	2025
Staðfest	128	126	130	120	166	287	388	297
Breytt að einhverju leyti	12	11	11	11	45	30	29	27
Breytt verulega eða snúið við	26	27	27	38	31	35	31	29
Ómerking eða frávisun	27	21	20	8	11	8	10	17
Niðurfelld mál	15	12	17	7	10	11	13	13
Samtals áfrýjuð mál	208	197	205	184	263	371	471	383

Héraðsdómstólar

Fjöldi dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum

Þegar þróun fjölda dómsmála og meðferðar þeirra hjá héraðsdómstólunum er skoðuð er fyrst og fremst horft til munnlega fluttra einkamála og sakamála enda vegur meðferð þeirra þýngst í starfihéraðsdómstóla.

Fjöldi mála


Alls bárust 13.867 mál til héraðsdómstólanna árið 2025 samanborið við 13.100 árið 2024.

Héraðsdómstólum bárust

13.867 mál

árið 2025

Heildarfjöldi dómsmála hjá héraðsdómstólunum 2015-2025



Heildarfjöldi innkominna mála og afgreiðsla þeirra

Fjöldi mála - allir héraðsdómstólar	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	3091	2668	2820	2135	2566	2597	2364
Innkomin mál á árinu	15.380	14.643	10.651	10.530	13.618	13.100	13.867
Mál til afgreiðslu	18.471	17.311	13.471	12.665	16.184	15.697	16.231
Dæmd einka- og sakamál (dómur/úrskurður)	2.191	1.910	1.843	1.763	1.818	1.844	1.731
Samtals afgreidd mál	15.595	14.423	11.258	10.083	12.978	13.333	13.155
Óafgreidd mál í árslok	2668	2820	2135	2566	2597	2364	3.076

Málsmeðferðartími

Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 349 dagar árið 2025 að meðaltali en 209 þegar miðgildi er reiknað. Málsmeðferðartími ákærumála var annars vegar 161 dagar í málum frá héraðssaksóknara en 126 að miðgildi og hins vegar 90 dagar í málum frá lögreglu en 61 dagar að miðgildi.

Heildarmálsmeðferðartími allra héraðsdómstóla í munnlega fluttum einkámálum og ákærumálum frá héraðssaksóknara og lögreglu.


Tegund máls	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	MG 2022	MG 2023	MG 2024	MG 2025
Einkamál munnleg	357	326	368	362	394	365	393	349	293	279	225	209
Sakamál - héraðssaksóknari	157	201	160	202	175	157	177	161	121	118	149	126
Sakamál - lögregla	89	94	102	131	116	100	92	90	76	64	64	61

Einkamál

Einkamál eru annars vegar munnlega flutt og hins vegar flutt skriflega. Þegar einkamáli er stefnt fyrir héraðsdómstól og það tekið til varnar er því úthlutað dómara til meðferðar. Ef ekki takast sættir eða mál er felld niður af öðrum ástæðum fer það til munnlegs málflutnings fyrir dómstólum. Ef ekki er tekið til varnar í einkamáli lýkur því með áritun eða útvistardómi og telst það því skriflega flutt.

Alls komu 798 einkamál til munnlegs málflutnings á árinu 2025 en 831 einkamál voru afgreidd. Óafgreidd munnlega flutt einkamál í árslok voru 552. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 349 dagar á árinu 2025 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 393 dagar árið 2024.


Fjöldi munnlega fluttra einkamála, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími frá þingfestingardegi 2015–2025



Fjöldi munnlega fluttra einkamála og afgreiðsla þeirra frá þingfestingardegi 2015–2025

Fjöldi mála - allir héraðsdómstólar	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	701	696	820	693	634	624	585
Innkomin mál í ársbyrjun	875	890	799	796	725	748	798
Mál til afgreiðslu	1.576	1.586	1.619	1.489	1.359	1.372	1.383
Dæmd munnleg einkamál (dómur/úrskurður)	519	455	567	529	444	475	462
Samtals afgreidd mál	749	728	901	843	738	787	831
Óafgreidd mál í árslok	696	820	693	634	624	585	552

Skriflega flutt einkamál 2015–2025




Fjöldi skriflega fluttra mála og afgreiðsla þeirra

Fjöldi mála - allir héraðsdómstólar	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	832	393	369	282	466	458	539
Innkomin mál í ársbyrjun	6.017	4.799	3.399	3.276	3.785	4.878	4.069
Mál til afgreiðslu	6.849	5.192	3.768	3.558	4.251	5.336	4.608
Samtals afgreidd mál	6.452	4.823	3.453	3.108	3.557	4.797	3.830
Óafgreidd mál í árslok	393	369	282	466	458	539	778

Ákærumál

Alls komu 1779 ákærumál til meðferðar héraðsdómstólanna árið 2025. Í heild var 1571 lokið á árinu og 909 máli ólokið um áramót. Málsmeðferðartími allra ákærumála, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 125 dagar á árinu 2025 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 135 dagar á árinu 2024.

Innkomin ákærumál, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími 2015–2025



Fjöldi ákærumála frá héraðssaksóknara og afgreiðsla þeirra

Fjöldi mála - allir héraðsdómstólar	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	93	108	122	132	94	101	115
Innkomin mál í ársbyrjun	222	213	195	189	192	174	187
Mál til afgreiðslu	315	321	317	321	286	275	302
Dæmd sakamál (dómur/úrskurður)	194	181	168	213	169	145	171
Samtals afgreidd mál	198	199	182	226	187	160	189
Óafgreidd mál í árslok	108	122	132	94	101	115	113

Fjöldi ákærumála frá lögreglu og afgreiðsla þeirra


Fjöldi mála - allir héraðsdómstólar	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	483	481	608	492	525	560	586
Innkomin mál í ársbyrjun	1.946	1.759	1.236	1.284	1.660	1.580	1.592
Mál til afgreiðslu	2.429	2.240	1.844	1.776	2.185	2.140	2.178
Dæmd sakamál (dómur/úrskurður)	1.478	1.274	1.108	1.021	1.205	1.224	1.098
Samtals afgreidd mál	1.926	1.628	1.348	1.239	1.520	1.554	1.382
Óafgreidd mál í árslok	481	608	492	525	560	586	796

Gjaldprotamál

Árið 2025 bárust héraðsdómstólunum 2217 beiðnir um gjaldþrotaskipti samanborið við 1477 árið 2024.


Uppkveðnir gjaldþrotaúrskurðir einstaklinga voru 158 árið 2025 en 125 árið 2024.

Uppkveðnir gjaldþrotaúrskurðir lögaðila voru 1781 árið 2025 en 861 árið 2024.



*Þá miklu fjölgun sem varð á beiðnum árið 2023 má einkum rekja til sérstakrar skipta/slitameðferðar sem mælt er fyrir um í bráða-birgðaákvæðum í lögum um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019, eins og þeim var breytt með lögum nr. 139/2022. Fjöldi uppkveðinna gjaldþrotaskiptaúrskurða hjá héraðsdómstólunum eftir lögaðilum og einstaklingum 2015–2025

Fjöldi uppkveðinna gjaldþrotaskiptaúrskurða hjá héraðsdómstólunum eftir lögaðilum og einstaklingum 2015–2025




Rannsóknarúrskurðir

Á meðfylgjandi súluriti sést þróun fjölda uppkveðinna rannsóknarúrskurða hjá héraðsdómstólunum á tímabilinu 2015–2025. Rannsóknarúrskurðir eru af ýmsu tagi, t.d. úrskurðir um húsleit, símhlerun, farbann, gæsluvarðhald o.fl. Tvær tegundir rannsóknarúrskurða eru tilteknar sérstaklega í töflunni, þ.e. úrskurðir um húsleit og gæsluvarðhald.

Árið 2025 voru kveðnir upp samtals 3076 rannsóknarúrskurðir hjá héraðsdómstólunum. Þar af voru 185 húsleitarúrskurðir og 1001 gæsluvarðhaldsúrskurðir og af þeim voru 704 úrskurðir um framlengingu gæsluvarðhalds.

Rannsóknarúrskurðir 2015–2025



Endurupptökudómur lauk

8 málum

árið 2025

Endurupptökudómur

Á árinu 2025 lauk Endurupptökudómur átta málum. Í málaskrá Endurupptökudóms voru skráð sex ný mál á árinu 2025, fjórar beiðnir vegna sakamála og tvær vegna einkamála.



Úrlausnir sem óskað var endurupptöku á voru frá:

	2021	2022	2023	2024	2025
Hæstiréttur	18	16	3	0	1
Landsréttur	12	13	6	3	4
Héraðsdómstólar	11	3	6	4	1
Samtals	41	32	15	7	6

Málum lokið

	2021	2022	2023	2024	2025
Beiðni hafnað	11	12	18	3	4
Beiðni samþykkt	6	15	10	2	2
Beiðni vísað frá	7	1	2	1	2
Beiðni afturkölluð	3	1	0	0	0
Samtals	27	29	30	6	8

FJÁRHEIMILDIR DÓMSTÓLA SAMKVÆMT FJÁRLÖGUM 2025

Stofnun	Heildarfjárheimild
Hæstiréttur	558,8 m.kr.
Héraðsdómstólar	2.311,5 m.kr.
Landsréttur	955,9 m.kr.
Dómstólasýslan	447,2 m.kr.

Ársreikningar Hæstaréttar, Landsréttar, héraðsdómstóla og dómstólasýslunnar eru aðgengilegir á slóðinni <https://arsreikningar.rikisreikningur.is/stofnun>



DÓMSTÓLASÝSLAN

domstolar.is